

Rangárþing ytra  
Laufskálum 2  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. ágúst 2009  
Tilvísun: UST20090500012/bs

### Tillaga að deiliskipulagi skálasvæðis við Álftavatn að Fjallabaki syðra. Umsögn

Vísað er til bréfs sveitarfélagsins Rangárþings ytra dags. 29. apríl 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.


Hér er um að ræða 5 ha svæði þar sem heimilt verður að reisa 4 gistiskála auk salernishúss. Umrætt svæði er innan svæðis nr. 761 á náttúruminjaskrá.


Fyrirhugað er að nýir skálar rísi á sama stað og núverandi skálar. Ráðgert er að undirstöður verði gerðar með þeim hætti að unnt verði að fjarlægja þær án teljandi ummerkja. Farið verður með skólp í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

Hér er um að ræða viðbætur og endurnýjun á starfsemi sem þegar er fyrir hendi á fjölsóttu ferðamannasvæði. Eins og fram kemur í byggingaskilmálum er ráðgert að standa að öllum framkvæmdum í samræmi við gildandi reglugerðir og afturkræfni framkvæmda.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu að deiliskipulagi. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri